

Kjósum VG og óháð 14. maí

Göngum lengra í Norðurþingi



Vinstri græn
og óháð

Fjölskyldan – Umhverfið – Samfélagið

V-listi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og óháðra vill búa íbúum Norðurþings sterkt velferðarsamfélag þar sem hagar fjölskyldunnar og heilnæmt umhverfi er forsenda ákvarðanatöku og forgangsroðunar sveitarstjórnar. V-listi leggur áherslu á ráðdeild í rekstri sveitarfélagsins og ábyrgja fjármálastjórn.


Sveitarfélagið Norðurþing á að mæta þörfum allra aldurshópa og hvers kyns fjölskylduformum. Öll eigum við að geta fundið okkur stað í Norðurþingi.



Stefnuskrá

Fræðslu- og skólamála

V-listi leggur áherslu á að í skólastarfi sé jafnrétti, fagmennska og vellíðan nemenda í fyrirrúmi. Grundvallarforsenda heilbrigðs samfélags er að sem best sé búið að okkar yngstu íbúum í leik og starfi.



- Gerum **skólamáltíðir í leikskóla gjaldfrjálstar** á fyrri hluta kjörtímabilsins.
- V-listi hafði frumkvæði að **12 mánaða inntökuviðmiði fyrir leikskólabörn** á fyrra kjörtímabili og mun beita sér fyrir að því viðmiði verði ekki breytt til baka.
- V-listi vill **stórbæta leiksvæði skólanna** svo hægt sé að nýta svæðið fyrir bæði leik og útikennslu.
- V-listi vill koma til móts við ólíkar þarfir og getu barna, **tryggja jafnrétti** og hlúa að hópum í viðkvæmri stöðu.
- Allir skólar eiga að fagna fjölbreytni, við erum öll hinsegin, V-listi vill að **hinseginvænt sveitarfélag** byrji í skólastofunni.
- **Styrkjum forvarnir** með aukinni jafnréttis- og kynjafræðslu í skólum og fræðslu um hið stafræna samfélag.
- **Bætum starfsumhverfi og vinnuástandur kennara** og nemenda með auknu viðhaldi og bættum búnaði.
- Tryggjum áfram leikskóla fyrir dreifðar byggðir.

Fræðslu- og skólamál

V-listi leggur áherslu á öfluga velferðarþjónustu í sveitarfélaginu. Þjónustan skal miða að bættum lífsgæðum og jöfnuði óháð búsetu eða aðstæðum. Samráð við notendur þjónustu skal ávallt vera grunnstef í mótun hennar.




- V-listi leggur áherslu á að **rikisvaldið fjölgi hjúkrunar-rýmum** á kjörtímabilinu.
- Eflum **heilsuefningu eldra fólks** og spornum gegn einmannaleika.
- **Tryggjum aðgengi og þátttöku fatlaðs fólks** í samfélaginu.
- **Horfum heildstætt á alla félags- og velferðarþjónustu** og tryggjum samþættingu ólíkra kerfa.
- **Tryggjum þolendum ofbeldis stuðning** og aðgengi að úrræðum.

- Velferðar þjónusta á að nýtast notendum sem best og á þeirra forsendum.

Menning, tómstundir og íþróttir

V-listi leggur áherslu á að menningar-, tómstunda- og íþróttastarf sé byggt upp á forsendum lýðheilsu og fjölskyldna. Megináherslan sé á fjölbreytt starf sem mætir þörfum íbúa og gesta.



- Tryggjum áframhaldandi **stuðning við íþróttastarf** í sveitarfélaginu.
- Hlúð verði sérstaklega að almenningsíþróttum með góðri aðstöðu.
- V-listi vill að komið sé á **raf-íþróttadeild** með það markmið að minnka félagslega einangrun barna og ungmenna.

- V-listi vill að unnið verði að **samfelldum vinnudegi yngri barna**, þ.e. að allt skóla-, frístunda-, íþrótt- og tómstundastarf fari fram á milli kl. 8 og 16.
- V-listi hefur leitt vinnu við að koma á **heilsársfrístund** fyrir 1.-4. bekk grunnskóla á Húsavík og mun halda áfram að styðja við og efla þá vinnu.
- Stuðlum að samstarfi sveitarfélaganna í **faglegu safnastarfi og varðveislu menningarminja**.
- V-listi vill að sveitarfélög leggi áherslu á **safnastarf og listsköpun** enda er öflugt lista- og menningarlíf lykilatriði og aðdráttarafli í blómlegu samfélagi sem sveitarfélög eiga að hlúa sérstaklega að.

Umhverfismál

V-listi álitur loftslagsmálin mest knýjandi viðfangsefni okkar tíma. Það er að stórum hluta ábyrgð sveitarfélaga takast á við vandann og verja lífsgæði komandi kynslóða. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda er undirstaða farsæls samfélags og atvinnulífs. V-listi vill gera Norðurþing að fyrirmyndarsveitarfélagi í loftslagsmálum og náttúruvernd.



- Öll ákvarðanataka þarf að **taka mið af markmiðum í loftslagsmálum**.
- V-listi vill að Norðurþing verði **kolefnishlutlaust sveitarfélag** fyrir árið 2040.
- Gert verði **nýtt aðalskipulag** fyrir Norðurþing þar sem tekið er sérstakt tillit til umhverfis- þátta, s.s. loftslagsmála.

- V-listi vill móta stefnu í samvinnu við ríkisvaldið um vindorkuver þar sem **hagsmunir landsbyggðanna eru í fyrirrúmi**.
- V-listi er **mótfallinn vindorkuveri** sem einkafjárfestar áforma í hagnaðarskyni á Hólaheiði við Melrakkasléttu og mun beita sér gegn þeim áformum á öllum stigum.
- **Stórþaravinnslu og -verksmiðju á Húsavík verði gert að ljúka formlegu umhverfismati** áður en leyfi til bygginga eða framkvæmda verður veitt.
- V-listi er **jákvæður gagnvart eflingu fiskeldis** á landi.
- Lögð verði sérstök áhersla á **náið samstarf og stuðning Norðurþings við Vatnajökulsþjóðgarð** og mikilvægt náttúruverndarstarf og atvinnuskapandi innviðauppbyggingu sem þjóðgarðurinn sinnir.
- V-listi er **andsnúinn umhverfiskandi framkvæmdum** á viðkvæmum svæðum innan Norðurþings. Hagsmunum náttúrunnar verður ekki fórn að fyrir skammtímagróða.

- V-listi vill **draga úr úrgangsmagni ásamt því að bæta flokkun og endurvinnslu**.
- **Vettvangur hringrásarhagkerfis** verði skapaður innan sveitarfélagsins til að auka endurnýtingu og draga úr losun gróðurhúslofttegunda.

Atvinnumál

Sköpunarkraftur og framtakssemi eru einkenni atvinnulífs í Norðurþingi. Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf er hluti af verðmætum sveitarfélagsins. V-listi styður við frumkvöðla og umhverfisvæna atvinnustarfsemi með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.




- Norðurþing verði í fararbroddi sveitarfélaga í margvíslegum stuðningi við **nýsköpun og frumkvöðlastarf**.

- Lögð verði áhersla á stuðning við **þekkingardrifin störf** og stutt við aðstöðusköpun fyrir íbúa sem velja sér störf án staðsetningar.
- Mikilvægt er að **fleiri fyrirtæki hefji starfsemi á iðnaðar-svæðinu á Bakka**. Áhersla verði á fyrirtæki þar sem starfsemi fellur að ramma um Græna iðngarða sem Norðurþing og Landsvirkjun hafa stefnt að.
- V-listi leggur umfram allt áherslu á að Norðurþing skapi frjóan jarðveg fyrir **fjölbreytt atvinnulíf** að byggjast upp. Þetta á bæði við um stórar og smáar atvinnugreinar.
- V-listi telur brýnt að **sveitarstjórn og stjórnendur Norðurþings auki samtal** við fyrirtækin sem eru starfandi á svæðinu til að heyra beint frá þeim hvað má betur fara og einnig hvað gengur vel.

Fjármál og stjórnsýsla

V-listi leggur áherslu á ábyrga fjármálastjórnun og ráðdeild í rekstri. Fjárfest verði á kjörtímabilinu með þarfir fjölskyldna í huga. Gerðar verði langtímaáætlanir um viðhald og innviði mannvirkja Norðurþings og þær lagðar til grundvallar við fjárhagsáætlanagerð.




- V-listi mun ekki styðja ráðningu sveitarstjóra úr hópi kjörinna fulltrúa. Lögð verði **áhersla á að höfða til allra kynja** við leit að sveitarstjóraefni Norðurþings.
- V-listi telur mikilvægt að stjórnsýsla sveitarfélaga sé reglulega tekin til endurskoðunar og mun styðja við að í upphafi næsta kjörtímabils verði sett af stað vinna við **endurskoðun stjórnsýslu og skipurits Norðurþings**. Áhersla verði á skilvirkni og hámarks nýtingu mannaúts og skattfjár.

- V-listi vill marka stefnu um að störfum innan stjórnsýslu Norðurljósa, sem ekki eru bundin viðfangsefnum á einum stað, verði hægt að sinna frá starfsstöðvum á Kópaskeri og Raufarhöfn ásamt Húsavík.
- V-listi mun leggja sérstaka áherslu á **samstarf þingeyskra sveitarfélaga** bæði í gegnum pólitísk og rekstrartengd viðfangsefni, s.s. Héraðsnefnd Þingeyinga, sameiningu slökkviliða, Menningarmiðstöð Þingeyinga og öldrunarmál innan Hvamms sf.
- V-listi mun leggja til að unnin verði **rannsókn á afstöðu íbúa innan Norðurljósa og nærliggjandi sveitarfélaga til sveitarfélagsmarka og sameininga**. Á grundvelli slíkra gagna verði tekið upp samtal við nærliggjandi sveitarfélög.

Skipulag, mannvirki og framkvæmdir

V-listi leggur áherslu á ábyrga fjármálastjórnun og ráðdeild í rekstri. Fjárfest verði á kjörtímabilinu með þarfir fjölskyldna í huga. Gerðar verði langtímaáætlanir um viðhald og innviði mannvirkja Norðurljósa og þær lagðar til grundvallar við fjárhagsáætlanagerð.



- V-listi mun beita sér fyrir því að nýtt **frístundahús fyrir börn og ungmenni** muni rísa í nálægð við Borgarhólsskóla.
- Nýtt aðalskipulag þarf að skapa forsendur fyrir **kröftugri húsnæðisvöxt** og skoða alla þéttingamöguleika innan sveitarfélagsins. Mikilvægt er að nýtt skipulag taki tillit til húsnæðisþarfa framtíðarinnar.

- Í nýju aðalskipulagi verði **innviðir og öryggi fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur** stórbætt.
- V-listi vill styðja við þá miklu viðhorfsbreytingu sem hefur átt sér stað í vali íbúa á **fjölbreyttum ferðamátum** allan ársins hring.
- Sinnt verði **viðhaldi og framkvæmdum** í þágu skóla-, leikskóla-, og tómstunda- starfs barna.
- V-listi vill að sett verði fram **viðhaldsáætlun** og henni framfylgt. Það á við eignir sveitarfélagsins, gangstéttir o.fl.
- **Endurbæta leikvelli og útivistarsvæði** í sveitarfélaginu með aukna afþreyingu, heilsueflingu og þarfir ólíkra hópa í huga. Leitað verði samstarfs við foreldra og börn um útfærslu og framkvæmdir.
- **Styðjum óhagnaðardrifin leigufélög** og aðra óhagnaðardrifna uppbyggingu með því að tryggja þeim lóðir.
- V-listi vill að **mannlíf og fólk verði sett í öndvegi** þegar kemur að miðbænum með tímabundnum göngugötum, gróðri, bekkjum, hjólastæðum og aðstöðu fyrir viðburði.
- Átaksverkefni um að **„rampa upp Norðurþing“** verði sett af stað og samstarfi komið á við aðila sem staðið hafa fyrir slíkum verkefnum á landsvísu.
- **Stangarbakkastígur á Húsavík** var frumkvæðisframkvæmd V-lista á liðnu kjörtímabili. Áfram verði haldið með gerð fjölskyldu- og lýðheilsuvæna stígagerð af þessu tagi. V-listi vill grænt hjólastíga og göngunet fyrir alla aldurshópa sem tengir saman helstu útivistarsvæðin.
- V-listi mun leggja fram tillögu um að unnið verði með **yfirborðsfrágang og lausnir sem miða að auknu mannlífi** á „Öskjureit“ í miðbæ Húsavíkur. Það verði gert í samstarfi við lóðareigendur svæðisins, á fyrri hluta kjörtímabils.

Framboðslisti

Norðurþing



1. sæti
Aldey Unnar Traustadóttir
Hjúkrunarfræðingur



2. sæti
Ingibjörg Benediktsdóttir
Verkefnastjóri



3. sæti
Jónas Þór Viðarsson
Húsasmiður, kennari og bóndi



4. sæti
Halldór Jón Gíslason
Aðstodarskólameistari



5. sæti
Kolbrún Valbergisdóttir
Ríthöfundur



6. sæti
Óli Halldórsson
Forstöðumaður



7. sæti
Þóra Katrín Þórsdóttir
Starfskona í Hvammi og
Kvennaathvarfinu



8. sæti
Bergljót Friðbjarnardóttir
Félagslíði



9. sæti
Valdimar Halldórsson
Viðskiptafræðingur



10. sæti
Sólveig Ása Arnarsdóttir
Módir



11. sæti
Íris Atladóttir
Starfsmaður félagsþjónustu



12. sæti
Berglind Ólafsdóttir
Kennari og hjúkrunarfræðingur



13. sæti
Aðalbjörn Jóhannsson
Stuðnings- og félagsmálafulltrúi



14. sæti
Sunna Torfadóttir
Leikskólaeiddbeinandi og stjórnamaður
í Framsýn ung



15. sæti
Aðalsteinn Örn Snæþórsson
Líffræðingur



16. sæti
Þórhildur Sigurðardóttir
Kennari



17. sæti
Þórsteinn Glúmsson
Bóndi



18. sæti
Guðrún Jóna Jónmundsdóttir
Starfsmaður í mótuneyti



Göngum lengra

Kynntu þér málin okkar: x22.vg.is
Vertu með: [facebook.com/
vgnordurthing](https://facebook.com/vgnordurthing)



Vinstri græn
og óháð

XV
14. maí